

# STUBBUR

Fréttaskot úr skólalífinu, ágúst 2001. Umsjón og ábyrgð: Már

ÁRGANGUR 1, TBL 2

## Smælki:

Um 720 nemendur hefja nám við skólann nú í haust.

Í fyrsta bekk eru fjórir náttúrufræðibekkir, 3 í félagsfræði og einn máladeildarbekkur.

Í nýja stjórn nemendafélags MS voru kosnir: Björgvin Björnsson (ármaður), Brynja Björnsdóttir (ritari) og Stefán Stefánsson (gjaldkeri).

## Velstu að:

Bókasafn skólans á um 19.000 titla.

Skólinn hefur undanfarin ár fengið styrk frá Menntamálaráðuneytinu til þess að sinna nemendum með sértæka náms-erfiðleika. Stefnt er að enn frekari stuðningi á þessu skólaári.

Stuðningsaðilar stærðfræðikeppni MS fyrir grunnskólanemendur undanfarin ár hafa verið Búnaðarbanki Íslands, Núi-Síríus, Heimilistæki hf. og menntamálaráðuneytið.

## Húsnæðismál Menntaskólans við Sund

Nú er svo komið að hyllir undir lok um 30 ára baráttu Menntaskólans við Sund fyrir eigin húsnæði. Sameiginleg nefnd ríkis og Reykjavíkurborgar sem skoða átti húsnæðisþörf fyrir framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu skilaði af sér skýrslu til borgarstjóra og me n n t a m á l a -ráðherra. Þar er m.a. lagt til að á næstu árum verði ráðist í nýbyggingu fyrir Menntaskólann við Sund. Eru þessar tillögur nefndarinnar óneitanlega fyrsti áfangasigur þeirra sem lengi hafa barist fyrir nýju húsnæði fyrir MS.

Nú þegar hefur næsta skref verið stigið. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra hefur sótt um lóð hjá Reykjavíkurborg fyrir

skólann og er boltinn því hjá henni á þessari stundu. Í viðtali sem undirritaður átti við borgarstjóra snemma í sumar kom

fram að hann gerði ráð fyrir að skólinn fengi úthlutað lóð nú á haustdögum.

Full ástæða er að vera bjartsýnn á að þessu máli verði fylgt eftir, bæði af ríkisvaldinu og Reykjavíkurborg. Báðir aðilar eiga hagsmuna að gæta í þessu máli og fullvíst er að þeir muni ekki láta t æ k n i l e g a r hindranir stöðva

eða seinka framkvæmdum við nýtt húsnæði MS. Þörf fyrir nýjar byggingar framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu er mikil og Vogaskóla vantar sárlega meira rými.



Menntaskólinn við Sund 2001

## Unnið er að því að MS verði móðurskóli á afmörkuðu bóknámssviði

Fyrsti fundur nefndar MS og menntamálaráðuneytis sem vinna skal að undirbúningi þess að stofnaður verði móðurskóli á tilteknu bóknámssviði hefur verið haldinn. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum fyrir áramót og í kjölfar þess mun Menntaskólinn við Sund óska eftir því að verða gerður móðurskóli á afmörkuðu bóknámssviði. Ákvörðun um á hvaða sviði mun liggja fyrir fljótlega.

## Átak í uppbyggingu aðstöðu fyrir verklega kennslu

Farið er af stað átak í að styrkja enn frekar verklega kennslu við MS. Í fyrstu verður aðstaða fyrir verklega eðlisfræðikennslu bætt enn frekar og hafa fyrstu tækin þegar verið keypt. Síðan verður aðstaðan til verklegrar kennslu bætt í hverri námsgreininni á fætur annarri. Stefnt er að því að nýtt stjórnskipulag við skólann, þar sem sviðstjórar munu gegna veigamiklu hlutverki, auðveldi gerð áætlunnar um heildaruppbyggingu aðstöðu fyrir verklega kennslu.



# Frábær námsárangur stúdenta vorið 2001

Vorið 2001 útskrifuðust 138 stúdentar, 61 piltur og 77 stúlkur. Þessir nemendur skipust á eftirfarandi námsbrautir:

Deild	Fjöldi	Piltar	Stúlkur	Meðaleinkunn
Latínudeild	7	1	6	7,53
Nýmáladeild	25	4	21	6,82
Félagsfræðideild	32	8	24	7,08
Hagfræðideild	9	8	1	7,00
Náttúrufræðideild	51	27	24	7,41
Eðlisfræðideild	14	13	1	6,86
<b>Samtals:</b>	<b>138</b>	<b>61</b>	<b>77</b>	<b>7,15*</b>

## Einkunnadreifing stúdenta

Einkunn	Fjöldi	Hlutfall (%)
Ágætiseinkunn	12	8,7%
Einkunn 8,0-8,9	15	10,9%
1. einkunn samtals	54	39,2%
2. einkunn	54	39,2%
3. einkunn	18	13,0%

## Nokkur athyglisverð atriði varðandi árangur stúdenta vorið 2001

1. Þetta er **næstfámennasti** stúdentahópur sem brautskráður hefur verið frá skólanum en árið 2000 brautskráðust 137 stúdentar.
2. Vegið meðaltal einkunna, 7,15 er það **hæsta** í sögu skólans. Næsthæst var það árið 1983, 7,03.
3. Meðaltal í félagsfræðideild, 7,08, er það **hæsta** í sögu skólans. Næsthæst 6,92 árið 1989.
4. Meðaltal í hagfræðideild er það **næsthæsta** í sögu skólans. Hæst var það árið 2000, 7,18.
5. Meðaltal í náttúrufræðideild er það **hæsta** í sögu skólans. Næsthæst var það árið 1983, 7,29.
6. **Aldrei fyrr** í sögu skólans hafa jafn margir nemendur (12 alls) útskrifast með ágætiseinkunn á stúdentsprófi. Árin 1983 og 1986 voru 5 nemendur hvort ár með 9 eða hærra í meðaltal á stúdentsprófi.

**Aldrei áður** hefur jafnhátt hlutfall nemenda verið með ágætiseinkunn og 1. einkunn á stúdentsprófi (47,8%). Næst koma árið 2000 (41,6%) og árið 1983 (40,9%).

Heimild: Sigurður Ragnarsson

## Viðhald og breytingar á húsnæði skólans

Vinna við viðhald á húsnæði skólans hefur gengið vel í sumar. Hluti skólans hefur verið málaður að utan og gluggar teknir í gegn. Sett ur hefur verið neyðarútgangur á suðvesturenda íþróttasalar og íþróttasalurinn var málaður. Aðalanddyri niðri hefur verið málað og ekki síst hafa öll salerni þar sem veggjakrot var verið máluð.

Þá hefur verið skipt um hurðir í Þrísteyni á neðri hæðinni og í stofu 11, 12 og í kennslueldhúsi. Sett hafa verið öryggisgler í allar millihurðir og endurnýjaðar hafa verið pípuþagnir í kjallara Langholts og skipt hefur verið um loftræstikerfi í framköllunarherbergi (Dimmuborgum). Eftir er að setja upp millihurð við bókasafn. Með þessum framkvæmdum hafa allar kröfur sem eldvarnareftirlitið hefur gert til okkar verið uppfylltar.

Þá hefur vinnuástanda þýsku- og frönskukennara verið stórbætt þar sem hún hefur verið flutt í Þrætumóa úr Undralandi. Þá hefur ljósritunarbúnaður, prentarar, myndlesari og 2 tölvur verið fluttar úr Þrætumóa yfir í Undraland. Vonast er til að þessar breytingar mæti almennri ánægju.

## Forvarnarfulltrúi tekur til starfa við skólann

Á þessu skólaári verður starfandi forvarnarfulltrúi við skólann.

Hlutverk hans verður að vinna að forvörnum í samvinnu við nemendur, foreldra, skóla og lögreglu.

## Nýtt upplýsingakerfi verður tekið í notkun um næstu áramót

Hannað hefur verið nýtt sameiginlegt upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla sem verður á netinu. Í þessu kerfi munu kennarar m.a. skrá fjarvistir og einkunnir heint inn. Haldið verður námskeið á haustönn í notkun kerfisins.

## Nýjar skólasóknarreglur hafa tekið gildi

Vakin er athygli á því að nýjar skólasóknarreglur hafa tekið gildi.

Meðal breytinga má nefna að fyrstu tveir veikindadagarnir eru alltaf taldir til fjarvasta.

Skólasóknarreglurnar hafa verið birtar á heimasíðu skólans og eru m.a. prentaðar aftan á stundatöflur nemenda.

## Nýtt myndbandstæki á færandlegum vagni

Keypt hefur verið myndbandstæki og sjónvarp fyrir neðri hæð Þrísteyns.

## Menntaskólinn við Sund

sími: 553-7300, bréfasími:

568-3835

netfang: ms@msund.is